



Umboðsmaður Alþingis  
Skúli Magnússon  
Þórshamri, Templarasundi 5  
101 Reykjavík

## HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík  
sími: 545 8700 hrn@hrn.is  
stjornarradid.is

Reykjavík 22. febrúar 2022  
Tilv.: HRN22020092/06.50.01

Efni: Svar við bréfi umboðsmanns Alþingis um tilslakanir innanlandstakmarkana vegna COVID-19.

### I.

Heilbrigðisráðherra vísar til bréfs umboðsmanns Alþingis, dags. 9. febrúar 2022. Í bréfinu vísar umboðsmaður til fréttar á vef Stjórnarráðs Íslands þann 28. janúar sl. þar sem kynnt voru áform heilbrigðisráðherra um tilslakanir innanlandstakmarkana, m.a. fjöldatakmarkana á samkomum, vegna COVID-19, sem taka eigi gildi í skrefum næstu sex vikur, sbr. reglugerð nr. 90/2022. Rekur umboðsmaður í þessu sambandi ákvæði 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 sem mælir fyrir um heimild ráðherra til að grípa til opinberra sóttvarnaráðstafana. Þá vísar umboðsmaður m.a. til ákvæða 74. og 75. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 um funda- og atvinnufrelsi, og bendir á að við setningu reglugerðar sem takmarki stjórnarskrárvarin réttindi beri ráðherra að vega og meta þá almannahagsmuni sem til standi að vernda, svo sem líf og heilsu borgaranna, með tilliti til þeirra hagsmuna eða réttinda sem skerðingin bitni á.

Í bréfinu óskar umboðsmaður eftir upplýsingum og skýringum á tveimur atriðum. Annars vegar hvað hafi legið til grundvallar því mati heilbrigðisráðherra að „brýna nauðsyn“ bæri til fjöldatakmarkunar miðað við 50 einstaklinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 90/2022, og þeirri niðurstöðu að önnur vægari úrræði m.t.t. skerðingar stjórnarskrárvarinna réttinda væru ekki tiltæk í því sambandi. Óskar umboðsmaður sérstaklega eftir því að ráðherra upplýsi hvort og hvaða mat hafi verið lagt á aðra verndarhagsmuni en sóttvarnir til verndar lífi og heilsu, sbr. 2. og 3. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga. Hins vegar óskar umboðsmaður eftir skýringum á því með hvaða hætti heilbrigðisráðherra hafi lagt sjálfstætt og heildstætt mat á þær tillögur sem fram hafi komið í minnisblaði sóttvarnalæknis frá 26. janúar 2022. Í því sambandi óskar umboðsmaður sérstaklega eftir upplýsingum um hvort aflað hafi verið álits annarra sérfræðinga en sóttvarnalæknis á stöðu faraldursins með tilliti til þess hvaða aðgerða brýn nauðsyn krefðist að gripið væri til og hvort fjöldatakmarkun við 50 manns teldist nauðsynleg til að ná því markmiði að vernda líf og heilsu manna. .

### II.

Yfirstjórn sóttvarna á Íslandi heyrir undir heilbrigðisráðherra, sbr. d-lið 5. mgr. 6. gr. forsetaúrskurðar nr. 125/2021 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar. Heilbrigðisráðherra fer með vald til þess að ákveða með reglugerð hvort og þá til hvaða opinberra sóttvarnaráðstafana grípa skuli, sbr. 2. mgr. 12., 13., 4. mgr. 14. og 18. gr. sóttvarnalaga. Embætti landlæknis ber ábyrgð á daglegri framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra, sbr. 1. mgr. 4. gr. sóttvarnalaga. Við embætti landlæknis skal starfa sóttvarnalæknir sem skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra. Samkvæmt 2. mgr.

4. gr. sóttvarnalaga ber sóttvarnalæknir ábyrgð á sóttvörnum.

Í 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, eins og þeim hefur síðar verið breytt, segir að ráðherra ákveði að fenginni tillögu sóttvarnalæknis hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, þ. á m. samkomubanns. Í 3. mgr. 12. gr. laganna segir að ráðstöfunum skv. 2. mgr. skuli ekki beita nema „brýn nauðsyn krefji til verndar heilsu og lífi manna“. Einnig kemur þar fram að við beitingu ráðstafana, og við afléttingu þeirra, skuli gæta meðalhófs og jafnræðis og taka tillit til annarra verndarhagsmuna, einkum þeirra sem njóta verndar stjórnarskrárinnar og mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að. Þá er tekið fram í málsgreininni að ekki skuli stöðva atvinnurekstur nema að því marki sem starfsemin feli í sér hættu á útbreiðslu farsóttar, svo sem vegna fjölda fólks sem þar komi saman eða návígis þess eða snertingar. Í lokamálslið málsgreinarinnar segir að opinberum sóttvarnaráðstöfunum skuli aflétt svo fljótt sem verða megi.

Umrædd ákvæði sóttvarnalaga sækja stoð í þá frumkvæðisskyldu sem hvílir á stjórnvöldum að grípa til aðgerða til að vernda líf og heilsu almennings þegar farsótt geisar, líkt og vísað er til í bréfi umboðsmanns. Tilvísun í 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga til verndarhagsmuna sem njóta verndar stjórnarskrár og mannréttinda sem Ísland er aðili að kom inn í ákvæðið með 10. gr. laga nr. 2/2021 um breytingu á sóttvarnalögum. Í frumvarpi til þeirra laga er fjallað um samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar á sviði mannréttinda og að frumvarpinu sé ætlað að tryggja betur þau réttindi sem varin séu t.a.m. af 73. og 75. gr. stjórnarskrár. Var markmiðið með frumvarpinu að tryggja betur að skerðingar á þeim réttindum sem verða við samkomutakmarkanir styðjist við viðhlítandi lagaheimild og séu ekki framkvæmdar nema í þágu almannahagsmuna eða til verndar heilsu eða réttindum annarra. Fram kemur að hafa þurfi í huga að skerðing á réttindum samkvæmt þeim ákvæðum stjórnarskrár sem vísað sé til í frumvarpinu sé gerð til verndar veigamestu verndarhagsmunum samfélagsins, þ.e. til verndar lífi og heilsu fólks, sem njóta verndar stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu. Í athugasemdunum segir að heildarmarkmið frumvarpsins sé að skýra betur þær heimildir sem stjórnvöld hafi til opinberra sóttvarnaráðstafana í samræmi við kröfur lögmatísreglunnar og lagaáskilnaðarreglna stjórnarskrárinnar.

Í lokamálslið 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga segir að opinberum sóttvarnaráðstöfunum skuli aflétt svo fljótt sem verða megi. Í athugasemdum við þennan málslið í frumvarpi til laga nr. 2/2021 kemur fram að ákvæðið sé mikilvægt þar sem opinberar sóttvarnaráðstafanir gangi oft og tíðum á réttindi einstaklinga og hagsmuni fyrirtækja. Ákvæðið tengist því sem fram komi í ákvæðinu um að ekki skuli beita slíkum ráðstöfunum nema brýna nauðsyn beri til og þá til að vernda heilsu og líf manna. Óumdeilt sé að sóttvarnalæknir og ráðherra séu bundnir af meginreglum stjórnsýsluréttar um að gæta meðalhófs og jafnræðis við beitingu opinberra sóttvarnaráðstafana og að ákvarðanir þar að lútandi skuli byggjast á málefnalegum sjónarmiðum.

### III.

Við ákvörðun um beitingu opinberra sóttvarnaráðstafana ber ráðherra að vega og meta þá almannahagsmunum sem til stendur að vernda, svo sem líf og heilsu borgaranna, með tilliti til þeirra réttinda sem skerðingar bitna á. Gæta þarf þess að ákvarðanir séu hvorki þess eðlis að skyldunni til að vernda líf og heilsu almennings sé varpað fyrir róða né að gengið sé lengra í takmörkun réttinda en þörf krefur í samræmi við meðalhófsreglu. Hafa verður í huga að þegar er um að ræða heimildir í lögum sem miðast við tímabundnar aðstæður þá ber stjórnvaldi að leggja reglubundið mat á hvort skilyrðum sé fullnægt til að viðhalda áfram þeim skerðingum sem leiða af stjórnvaldsfyrirmælum í samræmi við bestu upplýsingar á hverjum tíma. Ráðherra hefur skyldur til sjálfstæðs og heildstæðs mats á aðstæðum, þótt hann kunni að styðjast við ráðgjöf og tillögur sérhæfðs stjórnvalds við rannsóknir á tilteknum atriðum.

Eins og rakið er í bréfi umboðsmanns tók reglugerð nr. 90/2022, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, gildi þann 29. janúar sl., en með reglugerðinni voru fjöldatakmarkanir rýmkaðar úr 10 manns í 50. Við setningu reglugerðarinnar var ráðherra m.a. í samskiptum við forstjóra Landspítala í

Því skyni að afla upplýsinga um viðbragðshæfni spítalans við rýmkuðum fjöldatakmörkunum, sem hefðu mögulega í för með sér aukningu á fjölda smita í samfélaginu, svo sem hjá starfsfólki spítalans sem gæti þá ekki mætt til vinnu vegna einangrunar. Þá átti ráðherra í samskiptum við og aflaði upplýsinga frá forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um stöðu faraldursins og getu heilsugæslunnar til að þjónusta einstaklinga. Jafnframt er tekið fram að fulltrúar heilbrigðisráðuneytisins sitja fundi stýrihóps viðbragðsaðila um COVID-19, sem fundar tvisvar í viku, þar sem farið er yfir stöðu faraldursins og horfur framundan. Í hópnum eru sóttvarnalæknir, landlæknir, ríkislögreglustjóri, forstjóri Landspítala, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og aðrir starfsmenn þessara stofnana auk fulltrúa smitakningarteymis, Rauða krossins sem rekstraraðila sóttvarnahúsa, forsætisráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins. Upplýsingar sem fram koma á þessum fundum eru jafnframt lagðar til grundvallar ákvörðunum ráðherra. Var einnig litið til ráðlegginga frá alþjóðlegum heilbrigðisstofnunum, t.a.m. Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og Sóttvarnastofnun Evrópu, um að æskilegt sé að aflétta takmörkunum í samfélaginu í skrefum.

Í samræmi við 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga leit ráðherra jafnframt til þess að skerðingar höfðu verið miklar fram að gildistöku reglugerðar nr. 90/2022. Ákvað ráðherra því að rýmka fjöldatakmörkanir úr 10 í 50 til samræmis við sjónarmið um meðalhóf í 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga sem og rýmka þær skorður sem settar höfðu verið á starfsemi vegna sérstakar smíthættu, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar, svo sem með því að heimila opnun skemmtistaða og kráa og lengja opnunartíma veitingastaða. Hafði ráðherra þannig hliðsjón af þeim stjórnarskrárvörðu réttindum borgaranna sem vísað er til í bréfi umboðsmanns.

Bendir ráðherra einnig á að þótt innlagdir á spítala vegna smits af ómíkrón-afbrigði COVID-19 séu hlutfallslega mun lægri en af öðrum afbrigðum veirunnar má leiða að því sterkar líkur að almenn útbreiðsla ómíkrón-afbrigðisins í samfélaginu, með mun rýmri takmörkunum en settar voru með reglugerð nr. 90/2022, hefði leitt til mun meiri fjölda smita en nú greinast með alvarlegum afleiðingum fyrir heilbrigðiskerfið. Með hliðsjón af þeirri lagaskyldu sem hvílir á stjórnvöldum að sporna við útbreiðslu farsóttarinnar í samfélaginu var það mat ráðherra að mikið rýmri viðmið um fjöldatakmörkanir en 50 manns hefðu stefnt verndarhagsmunum um líf og heilsu manna í hættu. Lagði ráðherra sjálfstætt og heilstætt mat á þá verndarhagsmuni sem menn njóta á grundvelli stjórnarskrár við setningu reglugerðar nr. 90/2022. Var það mat ráðherra í aðdraganda þeirrar ákvörðunar að miða fjöldatakmörkanir við 50 manns þann 29. janúar 2022 að brýn nauðsyn krefðist þess að viðhalda fjöldatakmörkunum til verndar lífi og heilsu manna og tryggja viðbragðshæfni heilbrigðisstofnana. Þess skal jafnframt getið hér að tillögur sóttvarnalæknis til ráðherra eru ræddar og unnar í samstarfi við ráðuneytið og fleiri aðila áður en þær koma til ráðherra formlega. Í þeirri vinnu hefur ráðuneytið ávallt lagt áherslu á lagagrundvöll ráðstafa og að litið sé til þeirra hagsmuna sem skerðast með ráðstöfunum. Það hefur því almennt verið litið til annarra sjónarmiða en sóttvarnasjónarmiða, svo sem framangreindra hagsmuna borgaranna, þegar tillögurnar koma formlega til ráðherra.

Reglugerð nr. 90/2022 var ætlað að gilda frá 29. janúar sl. til 24. febrúar. Rúmri viku eftir gildistöku reglugerðarinnar tók smitum að fjölga töluvert en engu að síður ákvað ráðherra að rýmka samkomutakmörkanir enn frekar þann 12. febrúar sl., að fenginni tillögu sóttvarnalæknis og með hliðsjón af fyrimælum 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga um meðalhóf. Tók þá gildi reglugerð nr. 177/2022, en með reglugerðinni voru almenn viðmið fjöldatakmörkana rýmkuð í 200 manns, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Forsendur fyrir því að aflétta ekki öllu þá voru að það gæti haft í för með sér mikla aukningu smita sem jafnframt myndi skila sér í svo miklu álagi á heilbrigðiskerfið, vegna aukins fjölda sjúklinga og fjarveru starfsmanna, að það réði ekki við ástandið. Við það yrði lífi og heilsu fólks stefnt í hættu. Því var tekið varfærnara skref sem þó var talið að myndi auka fjölda smita talsvert og álag á heilbrigðiskerfið.

Það hefur komið á daginn að framangreindar forsendur stóðust, en daglegur fjöldi greindra smita er, þegar bréf þetta er ritað, alla jafna um 2.500 á dag, miðað við 1.200–1.500 á dag áður en afléttingar

tóku gildi þann 29. janúar sl., og það þrátt fyrir að dregið hafi verið úr sýnatökum. Á tveimur vikum eftir að reglur um sóttvarnaráðstafanir voru rýmkaðar fór fjöldi innliggjandi sjúklinga á Landspítala með COVID-19 úr 21 þann 4. febrúar sl. í 48 sjúklinga 21. febrúar sl. Þá hefur fjöldi starfsmanna Landspítala í einangrun jafnframt aukist mikið og farið úr 215 þann 4. febrúar sl. í 471 þann 21. febrúar. Leiða má sterkar líkur að því að mun fleiri smit og innlagnir á Landspítala og aðrar heilbrigðisstofnanir hefðu orðið ef öllum sóttvarnaaðgerðum hefði verið hætt 29. janúar sl. og að viðbragðshæfni spítalans hefði verið verulega skert.

Fram kom í minnisblaði sóttvarnalæknis til heilbrigðisráðherra, dags. 9. febrúar 2022, að forsendur séu svipaðar nú, þ.e. að aflétting allra takmarkana nú muni hafa í för með sér mikla aukningu smita og aukið álag á heilbrigðiskerfið. Landspítali hefur tekið í sama streng og kom því m.a. á framfæri við heilbrigðisráðherra 9. febrúar 2022. Það er einnig í samræmi við minnisblað frá sóttvarnalækni, landlækni og yfirlögregluþjóni almannavarna frá 2. febrúar sl., um áhættumat vegna COVID-19, þar sem kemur fram að nú sé helsta ógn af völdum faraldursins ekki fjöldi alvarlegra veikra einstaklinga heldur útbreidd smit í samfélaginu sem auki fjölda smitaðra einstaklinga inni á heilbrigðisstofnunum með minni veikindi en miklum fjarvistum starfsfólks.

#### IV.

Hvað varðar tilvísun í bréfi umboðsmanns til meðalhófsreglna skal það tekið fram að frá því síðsumars 2021 hefur ráðuneytið leitað allra leiða til að auka viðnámsþrótt heilbrigðiskerfisins með sérstökum aðgerðum til að takast á við faraldurinn í bólusettu samfélagi með öðrum leiðum en opinberum sóttvarnaráðstöfunum og hafa þær hjálpað talsvert. Þó hafa þær ekki einar og sér dugað til að koma í stað samkomutakmarkana. Er það einnig reynsla annarra þjóða. Í aðdraganda þeirra ákvarðana sem umboðsmaður spyr sérstaklega um, þann 28. janúar og 12. febrúar sl., var t.d. gripið til sérstakra ráðstafana til að mæta fyrirsjáanlegum mönnunarvanda á Landspítala. Var það gert með sérstökum greiðslum fyrir viðbótarvinnuframlag starfsmanna á Landspítala og var þannig unnt að fjölga vinnustundum þar til að vega á móti miklum fjölda starfsmanna sem voru frá vegna faraldursins. Þann 9. febrúar 2022 samþykkti ráðherra að framlengja úrræði til að skapa frekara rými fyrir tilslakanir á sóttvarnaráðstöfunum. Til viðbótar má geta þess að heilbrigðisstarfsfólk hjá opinberum stofnunum var flutt til, m.a. frá Sjúkrahúsinu á Akureyri á Landspítala, auk þess sem gerðir voru samningar við einkareknar heilbrigðisstofnanir sem ætlað var að styrkja tímabundið mönnun á Landspítala. Þrátt fyrir þessar ráðstafanir er mönnunarvandi nú gríðarlegur á Landspítala, eins og komið hefur fram í fréttum undanfarið, og var fyrirséður þegar afléttingar hófust og minnst var á í áhættumati frá 2. febrúar sl. Það var því mat ráðherra að aðrar leiðir hefðu ekki verið færar til að koma í veg fyrir ætlaða heilsuvá en að viðhafa einhverjar samkomutakmarkanir áfram samhliða öðrum ráðstöfunum. Landspítali starfar nú á hættustigi en hefur tekið til skoðunar síðustu daga hvort færa þurfi stofnunina á neyðarstig að nýju. Í ljósi þess að hættu- eða neyðarástand sem nú hefur skapast á Landspítala vegna manneklu og álags verður ekki annað séð en að þær forsendur hafi gengið eftir og ástandið hefði orðið enn verra ef ekki hefði verið haldið í einhverjar samkomutakmarkanir.

Ráðherra hefur, til viðbótar við framangreint, litið til þess hversu langt er í að svo gott ónæmi náist í samfélaginu að verulega fari að draga úr fjölda smita og veikinda. Nú hafa rúmlega 100 þúsund manns verið greindir með COVID-19 hér á landi. Þann 3. febrúar sl. lágu fyrir niðurstöður úr rannsókn Íslenskrar erfðagreiningar á útbreiðslu COVID-19 á Íslandi í samvinnu við sóttvarnalækni, en á þeim tíma hafi mátt ætla að rúmlega helmingi fleiri hafi sýkst af veirunni en hafi greinst með hana í PCR-prófum. Með vísan til þeirrar rannsóknar má leiða líkur að því í kringum 200 þúsund landsmanna hafi, þegar bréf þetta er ritað, í reynd smitast af COVID-19. Ef um 2.000 einstaklingar greinast áfram á degi hverjum má gera ráð fyrir um 4.000 smitum í samfélaginu á dag. Þá má gera ráð fyrir að á næstu 2–4 vikum hafi á bilinu 80–90% landsmanna smitast af COVID-19. Þessi tími gæti styst ef ákveðið yrði að afnema allar takmarkanir en það myndi þá þýða gífurlegt álag á heilbrigðiskerfið. Þó verður að gera tiltekna fyrirvara við þessa útreikninga, svo sem að ekki liggur fyrir hversu gott ónæmi þau mynda sem smitast af COVID-19 án þess að fá einkenni og þar með

möguleika þeirra til að smitast aftur.

Var það mat ráðherra, með vísan til þess sem rakið hefur verið í bréfinu, að rétt hafi verið að afnema sóttvarnaráðstafanir og skerðingar á grundvelli 12. gr. sóttvarnalaga í skrefum. Útbreiðsla veirunnar í samfélaginu myndi þannig dreifast yfir nokkrar vikur í stað þess að öllum takmörkunum yrði aflétt í einu, enda skammt í að ætla megi að gott ónæmi náist í samfélaginu. Með því móti væri dregið úr þeim fjölda sem smitaðist samtímis þótt hann yrði engu að síður mikill með miklu álagi á heilbrigðiskerfið. Það var og er mat ráðherra að heilbrigðiskerfið verði að þola talsvert álag áður en gripið er til opinberra sóttvarnaráðstafana og að þær komi einungis til skoðunar ef fyrirséð er að álagið verði of mikið og/eða í of langan tíma þannig að það stefni lífi og heilsu almennings í hættu. Það hafi verið sú staða sem blasti við ráðherra og tóku viðbrögðin mið af því.

Að öllu framangreindu virtu er það mat heilbrigðisráðherra að lagaskilyrði hafi verið uppfyllt til að viðhafa opinberar sóttvarnaráðstafanir skv. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 þann 28. janúar sl. sem og 12. febrúar sl., eins og staðan var þá. Það getur þó breyst á allra næstu vikum með auknu ónæmi í samfélaginu og mun ráðherra endurmeta stöðuna í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

  
Ásthildur Knútsdóttir

  
Sigurður Kári Arnason

Fylgiskj.: Minnisblað frá sóttvarnalækni til heilbrigðisráðherra, dags. 26. janúar 2022.  
Minnisblað um áhættumat sóttvarnalæknis, landlæknis og almannavarna vegna COVID-19, dags. 2. febrúar 2022.  
Minnisblað frá sóttvarnalækni til heilbrigðisráðherra, dags. 9. febrúar 2022.



---

## Minnisblað

Dagsetning: 26. janúar 2022  
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir  
Viðtakandi: Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra  
Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

### Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis um afléttingu opinberra sóttvarnaaðgerða vegna COVID-19.

---

Síðustu þrjár vikur hefur Covid-19 faraldurinn hérlendis verið nokkuð stöðugur með um 1.300 greind smit daglega en þá hafa tæplega 1.600 greinst daglega síðustu tvo daga. Samfélagslegar takmarkanir hafa verið hér við lýði í nokkurn tíma en fyrir rúmlega tveimur vikum voru þær hertar með reglugerð nr. 16/2022 þar sem að fjöldamörk voru miðuð við 10 manns og krám og skemmtistöðum var lokað. Líklegt er að þessar takmarkanir samfara öðrum aðgerðum hafi leitt til að fjöldi daglegra smita hefur haldist nokkuð stöðugur milli daga í stað þess að fara í veldisvöxt. Flest smitin sem nú hafa verið að greinast eru hjá börnum á grunnskólaaldri en þau eru flest óbólusett enn sem komið er og sömuleiðis hafa litlar takmarkanir verið á skólalaldi.

Ómicron afbrigði kórónaveirunnar er uppistaðan í þessum mikla fjölda smita og greinist hjá rúmlega 90% einstaklinganna en delta afbrigðið hjá tæplega 10%. Þannig er Covid faraldurinn nú um margt frábrugðinn faraldrinum til þessa t.d. er greinilegt að ómicron afbrigðið er til muna meira smitandi en delta afbrigðið, það veldur sjaldnar alvarlegum veikindum, og sleppur frekar undan vernd bóluefna og fyrri covid smita en áður hefur sést.

Á undanförnum dögum hefur einnig orðið töluverð breyting á þeim hópi sem legið hefur á sjúkrahúsi með COVID-19. Alvarlegum veikindum hefur fækkað en hins vegar hefur fjölgun orðið á vægum covid sýkingum hjá sjúklingum innlögðum með önnur vandamál og einnig hefur kórónaveiran greinst oftast í reglubundinni skimun inni á sjúkrahúsum. Þrátt fyrir talsverðan fjölda sjúklinga sem liggur inni á sjúkrahúsum með COVID-19 þá hefur orðið fækkun á sjúklingum sem þurfa á gjörgæsluinnlög að halda.

Í nýlegu uppgjöri vísindamanna á Landspítala kemur í ljós að innlögnum vegna COVID-19 hefur fækkað umtalsvert á undangengnum mánuðum í öllum aldurshópum sérstaklega hjá þeim sem fengið hafa örvunarskammt bóluefnis (þrjár bólusetningar). Vafalaust má þakka það ómicron afbrigðinu sem ekki er eins meinvirkt og fyrri afbrigði, og einnig útbreiddri bólusetningu einkum örvunarbólusetningu (þriðja skammti).

Áskorun heilbrigðiskerfisins felst nú í því að halda starfsemi sinni gangandi með töluverðan fjölda smitaðra sjúklinga innliggjandi á spítölum en ekki marga alvarlega veika og á sama tíma fjölda starfsmanna frá vinnu vegna COVID-19. Nú eru um 200 starfsmenn Landspítalans í einangrun. Svipuð áskorun blasir nú við öðrum stofnunum eins og hjúkrunarheimilum og stofnunum félagsþjónustunnar.

Sóttvarnaaðgerðir á landamærum (reglugerð nr. 1100/2021) hafa verið í gildi síðan 1. október 2021 og gilda til 28. febrúar 2022. Töluverður fjöldi hefur greinst daglega á landamærum eða um 100 manns. Flestir þeirra sem greinast eru einstaklingar með íslenskar kennitölur og því með viðtækt tengslanet hér.

Fyrir nokkrum dögum voru kynntar breytingar á sóttkví og sýnatökum með reglugerð nr. 38/2022 sem miða að því að fækka einstaklingum í sóttkví og fækka PCR sýnatökum. Þeir sem greinast með COVID-19 þurfa hins vegar áfram að vera í einangrun í 7 daga.

Þar sem að alvarlegum veikindum af völdum COVID-19 hefur fækkað umtalsvert á síðustu vikum og mikið ákall verið eftir afléttingu aðgerða, þá er mikilvægt að stjórnvöld setji upp áætlanir til lengri tíma um tilslakanir á takmörkunum innanlands og á landamærum. Ég tel hins vegar mikilvægt að hefja tilslakanir með því að einfalda leiðbeiningar um sóttkví og sýnatöku, og í framhaldi af því hefja afléttingu takmarkana innanlands. Núverandi reglugerð um samfélagslegar takmarkanir gildir til 2. febrúar n.k.

Á meðan að afléttingum stendur þá má búast við að samfélagssmitum muni fjölga tímabundið sem bæði getur aukið þann fjölda sem veikist alvarlega en getur einnig raskað starfsemi margra fyrirtækja vegna veikinda starfsmenna.

Neyðarástand getur því skapast á mörgum vinnustöðum sem krefst sértækra úrræða og fyrirtæki þurfa að vera undir það búin að starfa í einhvern tíma með skert vinnuafli.

Mikilvægt er að hafa í huga að COVID-19 faraldrinum mun ekki ljúka hér á landi fyrr en að gott samfélagslegt ónæmi (hjarðónæmi) hefur skapast sem hindrar frekari útbreiðslu. Samkvæmt bráðbirgðaniðurstöðu rannsóknar Íslenskrar erfðagreiningar og sóttvarnalækni á mótefnastöðu landsmanna gegn kórónaveirunni þá virðist sem að um 20% landsmanna hafi smitast frá upphafi faraldursins til áramóta 2021/2022. Á sama tíma hafði um 9% greinst með PCR prófi. Ef hjarðáónæmi næst við 80% ónæmi í samfélaginu, þá má ætla að því marki verði náð eftir tæpa tvo mánuði ef ekkert óvænt kemur uppá. Mikilvægt er því að halda faraldrinum áfram í skefjum til að skapa ekki hér óviðráðanlegt ástand í heilbrigðiskerfinu og samfélaginu þar til góðu samfélagslegu ónæmi er náð.

## Tillögur um aðgerðir.

Mikið ákall hefur verið uppi síðustu daga og vikur um hraða afléttingu takmarkandi aðgerða hér á landi. Þó vissulega sé nú tilefni til að hefja hér ýmsar afléttingar þá þurfa stjórnvöld að haga þeim innan skynsamlegra marka svo útbreiðsla kórónaveirunnar fari ekki úr böndum með tilheyrandi fjölgun á veikindum í samfélaginu sem og alvarlegum veikindum.

Því þurfa stjórnvöld að vera tilbúin til að breyta sínum áætlum ef þróun faraldursins fer á verri veginn en búist er við.

Hér að neðan kynni ég hugmyndir mínar um afléttingar á samfélagslegum takmörkunum í þremur skrefum með 2-3 vikna millibili. Ég tel skynsamlegt að miða við að um miðjan mars 2022 verði öllum takmörkunum aflétt svo fremi að ekkert óvænt komi upp eins og ný afbrigði veirunnar, aukning verði á alvarlegum veikindum með of miklu álagi á heilbrigðiskerfið eða mikil veikindaforföll starfsmanna í ýmsum fyrirtækjum skapi neyðarástand.

**Ég legg til eftirfarandi skref en athuga ber að dagsetningar gætu breyst, allt út frá stöðu faraldurs hverju sinni.**

### I. Innanlandsaðgerðir 3. febrúar 2022

1. Reglugerð gildi í þrjár vikur.
2. Almennar fjöldatakmarkanir verði 50 manns. Börn verði ekki undanþegin.
  - a) Fjöldatakmarkanir fyrir sitjandi viðburði verði 500 manns og skylt að nota andlitsgrímur.
3. Náandarregla verði einn metri. Börn fædd 2016 (á leikskólaaldri) og síðar verði undanþegin. Þar sem að ekki verður hægt að viðhafa náandarreglu innan- sem utandyra og eða loftræsting í rýmum ekki góð þar sé grímuskylda nema á heimilum tengdra aðila.
4. Sund-, baðstaðir og líkamsræktarstöðvar megi hafa opið fyrir allt að 75% af hámarksafköstum og áhersla lögð á eins metra náandarreglu sem og almennar smitvarnir.
5. Íþróttæfingar barna og fullorðinna með eða án snertingar innan sem utan ÍSÍ verði heimilar. Hámarksfjöldi í hverju hólfu verði 50 manns. Sameiginleg búningaástaða verði opin. Gæta skal að því að búningaástaða sé þrífín og snertifletir sótthreinsaðir milli hópa. Sameiginleg áhöld verði sótthreinsuð a.m.k. tvisvar á dag og þess gætt að loftræsting sé í lagi og loftað vel út nokkrum sinnum yfir daginn.

Íþrótt- og ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur um sóttvarnir og um framkvæmd æfinga og keppni í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni. Í íþróttum sem ekki tilheyra Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og sambærilegar íþróttir innan sambandsins.

Íþróttakeppni barna og fullorðinna verði heimilar með 500 áhorfendum í hólfu. Áhorfendum verði skylt að nota grímur

Á skíðasvæðum verði leyfður 75% af leyfilegum hámarksfjölda.

### 6. Sviðslistir og kórastarf:

- a. Æfingar og sýningar með snertingu verði leyfðar fyrir allt að 50 starfsmenn á sviði. Grímur verði notaðar þegar því verður við komið nema þegar listflutningur fer fram. Leitast verði við að viðhafa eins metra náandarreglu. Gætt verði að handhreinsun og sótthreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag og passað að loftræsting sé í lagi.



- b. Heimilt verði að taka á móti allt að 500 sitjandi gestum í hverju hólfi, viðhalda skal eins metra nándarreglu milli óskyldra aðila og skylt að nota grímu á leið inn og út af viðburði og á meðan honum stendur.
  - c. Ekki verði heimilt að auka fjölda í hólfi á skipulögðum viðburðum með notkun hraðgreiningaprófa eða PCR-prófa.
  - d. Hlé á sýningum verði einungis leyfð á barnasýningum. Á fullorðinssýningum gildi að áfengissala fyrir, á meðan og á eftir sýningar verði ekki leyfð.
  - e. Skylt verði að selja í númeruð sæti en þá er óþarfi að halda skrá yfir gesti.
7. Við athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga verði að hámarki 500 gestir í hólfi. Ekki verði heimilt að auka fjölda gesta með framvísun á niðurstöðum hraðgreininga eða PCR-prófa. Eins metra nándarregla verði tryggð á milli ótengdra aðila sem og skylt að nota grímu. Í erfidrykkjum gildi almennar fjöldatakmarkanir.
8. Verslanir megi taka á móti 100 manns í hverju hólfi (börn teljast með). Fyrir hverja 10 m<sup>2</sup> umfram 100 m<sup>2</sup> má bæta við fimm viðskiptavinum að hámarki 200 manns. Grímuskylda verði í verslunum.
9. Skemmtistaðir, krár, spilasalir og spilakassar megi hafa opið til kl. 22. Gestum verði gert að yfirgefa fyrir kl. 23:00.
10. Veitingastaðir megi hafa opið til kl. 22 og gestir verði að hámarki 50 í rými og aðeins afgreitt í sæti. Heimilt verður að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 22. Gætt skuli að eins metra nálægðarmörkum og skylt að hafa grímur nema hjá sitjandi gestum.
11. Skólareglugerð óbreytt. Óbreyttar takmarkanir.
12. Grímunotkun.  
Grímunotkun verði skylda þegar ekki er hægt að viðhafa eins metra nálægðarmörk utan- sem innandyra nema á heimilum. Börn fædd 2016 og síðar verði undanþegin grímuskylda. Grímunotkun hjá börnum fæddum 2006-2015 verði í samræmi við aldur og þroska.
13. Hvatt verði til fjarvinnu sem mest á vinnustöðum.
14. Notkun hraðgreininga- eða PCR prófa til að fjölga í sóttvarnahólfum á viðburðum verði ekki leyfð.

#### Landamæri:

Óbreytt fyrirkomulag en hætta notkun hraðgreiningaprófa og þess í stað fari allir með tengsl við Ísland í PCR próf.

#### II. Innanlandsaðgerðir 24. febrúar 2022

1. Reglugerð gildi í þrjár vikur.
2. Almennar fjöldatakmarkanir verði 200 manns. Börn verði ekki undanþegin.  
Fjöldatakmarkanir fyrir sitjandi viðburði verði 1.000 manns og skylt að nota andlitsgrímur.
3. Nándarregla verði einn metri. Börn fædd 2016 (á leikskólaaldri) og síðar verði undanþegin. Þar sem að ekki verður hægt að viðhafa nándarreglu innan- sem utandyra og eða loftræsting í rýmum ekki góð þar sé grímuskylda nema á heimilum tengdra aðila.
4. Sund-, baðstaðir og líkamsræktarstöðvar megi hafa opið fyrir 100% af hámarksafköst og áherslu lögð á eins metra nándarreglu.
5. Íþróttæfingar barna og fullorðinna með eða án snertingar innan sem utan ÍSÍ verði heimilar. Hámarksfjöldi í hverju hólfi verði 200 manns. Sameiginleg búningaþstaða verði opin. Gæta skal að því að búningaþstaða sé þrífing og snertifletir sótthreinsaðir milli hópa. Sameiginleg áhöld verði sótthreinsuð a.m.k. tvisvar á dag og þess gætt að loftræsting sé í lagi og loftað vel út nokkrum sinnum yfir daginn.

Íþróttta- og ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur um sóttvarnir og um framkvæmd æfinga og keppni í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni. Í íþróttum sem ekki tilheyra Íþróttta- og ólympíusambandi Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og sambærilegar íþróttir innan sambandsins.

Íþróttakeppni barna og fullorðinna verði heimilar með 1000 áhorfendum í hólfi. Áhorfendum verði skylt að nota grímur

Á skíðasvæðum verði leyfður 100% af leyfilegum hámarksfjölda.

6. Sviðslistir og kórastarf:

- f. Æfingar og sýningar með snertingu verði leyfðar fyrir allt að 200 starfsmenn á sviði. Grímur verði notaðar þegar því verður við komið nema þegar listflutningur fer fram. Leitast verði við að viðhafa eins metra náandarreglu. Gætt verði að handhreinsun og sótthreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag og passað að loftræsting sé í lagi.
  - g. Heimilt verði að taka á móti allt að 1000 sitjandi gestum í hverju hólfi, viðhalda skal eins metra náandarreglu milli óskyldra aðila og skylt að nota grímu á leið inn og út af viðburði og á meðan honum stendur.
  - h. Ekki verði heimilt að auka fjölda í hólfi á skipulögðum viðburðum með notkun hraðgreiningaprófa eða PCR-prófa.
  - i. Hlé á sýningum verði leyfð. Á fullorðinssýningum gildi að áfengissala fyrir, á meðan og á eftir sýningar verði ekki leyfð.
  - j. Skylt verði að selja í númeruð sæti en þá er óþarfi að halda skrá yfir gesti.
7. Við athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga verði að hámarki 1000 gestir í hólfi. Ekki verði heimilt auka fjölda gesta með framvísun á niðurstöðum hraðgreininga eða PCR-prófa. Eins metra náandarregla verði tryggð á milli ótengdra aðila sem og skylt að nota grímu. Í erfidrykkjum gildi almennar fjöldatakmarkanir.
  8. Verslanir megi taka á móti 200 manns í hverju hólfi (börn teljast með). Fyrir hverja 10 m<sup>2</sup> umfram 100 m<sup>2</sup> má bæta við fimm viðskiptavinum að hámarki 500 manns. Grímuskylda verði í verslunum.
  9. Skemmtistaðir, krár, spilasalir og spilakassar megi hafa opið til kl. 00. Gestum verði gert að yfirgefa fyrir kl. 01:00.
  10. Veitingastaðir megi hafa opið til kl. 00 og gestir verði að hámarki 200 í rými og aðeins afgreitt í sæti. Heimilt verður að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 00. Gestum verði gert að að yfirgefa fyrir kl. 01:00. Gætt skuli að eins metra nálægðarmörkum og skylt að hafa grímur nema hjá sitjandi gestum.
  11. Skólareglugerð óbreytt. Óbreyttar takmarkanir.
  12. Grímunotkun.  
Grímunotkun verði skylda þegar ekki er hægt að viðhafa eins metra nálægðamörk utan- sem innandyra nema á heimilum. Börn fædd 2016 og síðar verði undaþegin grímuskyldu. Grímunotkun hjá börnum fæddum 2006-2015 verði í samræmi við aldur og þroska.
  13. Hvatt verði til fjarvinnu sem mest á vinnustöðum.
  14. Notkun hraðgreininga- eða PCR prófa til að fjölga í sóttvarnahólfum á viðburðum verði ekki leyfð.
  15. Reglur um einangrun og sóttkví felldar niður

**Landamæri:**

Óbreytt fyrirkomulag

III. **Innanlandsaðgerðir 14. mars 2022**

Öllum innanlandsaðgerðum hætt

**Landamæri:**

Óbreytt fyrirkomulag



---

## Minnisblað

Dagsetning: 2. febrúar 2022

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, Alma Möller landlæknir og Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn almannavarna

Viðtakandi: Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

---

## Efni: Minnisblað um áhættumat sóttvarnalæknis, landlæknis og almannavarna vegna COVID-19.

---

Eftir að ómicron afbrigðið kórónaveirunnar greindist fyrst hér á landi í byrjun desember 2021 þá hefur orðið veruleg breyting á COVID-19 faraldrinum hérlandis. Fyrri afbrigði kórónaveirunnar voru minna smitandi en ómicron afbrigðið en öllu oftast alvarlegum veikindum.

Í upphafi COVID-19 þurftu allt að 6% þeirra sem greindust hér að leggjast inn á sjúkrahús og um 20% innlagðra sjúklinga þurftu á gjörgæsluinnlögn að halda. Á fyrsta ári faraldursins (2020) var ýmsum takmarkandi aðgerðum beitt og tókst að halda daglegum fjölda smita í nokkrum tugum en hæst fór fjöldinn í um 100. Þess vegna tókst að koma í veg fyrir fjölda alvarlegra veikinda og vernda heilbrigðiskerfið. Bólusetningar gegn COVID-19 hófust um áramótin 2020/2021 og á árinu 2021 hélst daglegur fjöldi smita lengst af undir 200 en náði hæstum hæðum í lok árs 2021 um 1.500.

Með tilkomu nýrra afbrigða kórónaveirunnar og góðrar þátttöku í bólusetningum þá breyttist faraldsfræði COVID-19 umtalsvert. Bólusetningar komu í veg fyrir smit en einkum alvarlega veikindi og ómicron afbrigðið sem kom fram í byrjun desember 2021 hefur náð mikilli útbreiðslu hérlandis sem erlendis. Þar sem að afbrigðið er verulega meira smitandi en fyrri afbrigði þá sjáum við nú mesta fjölda daglegra smita sem sést hafa í faraldrinum. Að jafnaði greinast nú um 1.200 smit á dag þrátt fyrir verulegar samfélagslegar takmarkanir. Þar sem að afbrigðið veldur hins vegar sjaldnar alvarlegum veikindum og bólusetning kemur auk þess í veg fyrir alvarleg veikindi, þá hefur samsvarandi aukning ekki sést í innlögnum á sjúkrahús.

Sú heilsufarslega ógn sem að íslensku samfélagi stafar nú af COVID-19 er eftirfarandi:

- **Alvarlega veikir einstaklingar sem þurfa á þjónustu heilbrigðiskerfisins að halda.**

Með tilkomu ómicron afbrigðisins þá þurfa nú um 0,1-0,2% þeirra sem smitast á spítalainnlögn að halda í stað 5-6% í byrjun faraldursins og 1-2% þegar delta afbrigðið var allsráðandi. Fæstir þeirra sem þurfa nú að leggjast inn þurfa á gjörgæsluinnlögn að halda og innlagnartími er nú styttri. Þannig var innlagnartími óbólusettra að meðaltali átta dagar þegar delta var allsráðandi en hjá bólusettum sex dagar. Meðal legutími þeirra sem eru með ómicron afbrigðið er nú fjórir til fimm dagar. Hins vegar fer mikil þjónusta fram við smitaða á covid göngudeild Landspítalans en sú starfsemi kemur án alls vafa í veg fyrir margar spítalainnlagnir en deildin sinnir að jafnaði 20-25 sjúklingum á dag með snemmtækri meðferð eins og lyfja- og vökvagjöfum. Í dag eru 32 sjúklingar innliggjandi á Landspítala vegna COVID-19 og þar af þrír á gjörgæsludeild. Um fimm sjúklingar leggjast inn daglega með eða vegna COVID-19 og svipaður fjöldi útskrifast.

*Með auknum fjölda smita mun álag á covid göngudeildina aukast og búast má við fleiri alvarlega veikum og þar með innlögnum*

Gögn frá Danmörku sýna að innlögnum síðustu vikur vegna COVID-19 hefur fjölgað verulega hjá börnum. Landlæknir hefur verið í sambandi við dönsk heilbrigðisyfirvöld vegna þessa. Að sögn eru fæst börnin mjög alvarlega veik og legutími stuttur. Þá hefur orðið vart fjölgunar barna með sk. fjölbólguheilkenni (MIS-C) en að sögn danskra yfirvalda er ekki vitað hvort það er í réttu hlutfalli við fjölgun smita eða hvort þess verður frekar vart þegar ómicron afbrigðið á í hlut.

- **Fjarvistir starfsmanna ýmissa lykilyfirtækja vegna veikinda af völdum COVID-19.**

Vegna útbreiddra smita í samfélaginu þá hafa undanfarið sést allt að 15% brottfall starfsmanna vegna COVID-19 veikinda. Þessi truflun á starfsemi fyrirtækja hefur m.a. leitt til að Landspítali var færður á neyðarstig í lok desember 2021 og neyðarstigi var lýst yfir af almannavarnadeild ríkislögreglustjóra 11. janúar sl.

#### I. Truflun á starfsemi heilbrigðisstofnanana.

Landlæknir fylgist vikulega með starfsemi heilbrigðisstofnana landsins, Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri á meðan faraldrinum stendur. Enn fremur er fylgst með hjúkrunarheimilum á vegum Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu þegar þarf. Meðfylgjandi viðhengi sýnir yfirlit þessarar viku og fylgja skýringar með. Þannig er mönnun á Landspítala enn á rauðu sem þýðir að verulegur skortur er á starfsfólki. Á hjúkrunarheimilum eru uppi miklar áhyggjur vegna fjarvista starfsfólks og vegna hópsmita. Aðrar stofnanir eru merktar gulu sem þýðir að skortur á starfsfólki og álag er aukið en viðráðanlegt.

Þau áhrif sem hljótast af miklu álagi af völdum COVID-19 á heilbrigðiskerfið eru:

1. Lengri bið eftir ýmissi þjónustu, t.d. hefur skurðaðgerðum sem þurfa bið verið frestað til að anna álagi vegna COVID-19. Sem dæmi má nefna að á Landspítala hafa skurðstofur verið reknar á 45% afköstum um margra vikna skeið. Embætti landlæknis gerir úttekt á biðtíma eftir skurðaðgerðum tvisvar á ári og hafði biðtími eftir helstu skurðaðgerðum lengst um nokkrar vikur í upphafi árs 2021<sup>1</sup>, sjá enn fremur <sup>2</sup>. Þessa dagana er unnið að ítarlegri biðlistagreiningu eins og alltaf í upphafi árs og er niðurstaðna að vænt á næstu vikum.
2. Þá geta smit sem koma upp innan heilbrigðisþjónustu haft þau áhrif að skerða þurfi þjónustu tímabundið eins og gerðist þegar smit kom upp á Sjúkrahúsinu Vogu.
3. Þegar fjöldi starfsmanna er frá vegna einangrunar og sóttkvíar eykst hættan á að það komi niður á þjónustu. Það á ekki síst við fámennar einingar á landsbyggðinni en einnig hafa margir starfsmanna Landspítala og Sjúkrahússina á Akureyri verið frá vinnu.
4. Langvarandi vinnuálag, og sem bitnar mest á ákveðnum deildum, getur haft í för með sér aukið brottfall starfsfólks vegna streitu og kulnunar en ekki er hægt að segja fyrir um slíkt hérlendis sem stendur.

#### II. Truflun á annarri mikilvægri starfsemi

Enn ríkir óvissa um hversu mikil áhrif mikil útbreiðsla veikinda hefur á samfélagið í heild. Almannavarnir sstörfuðu á Neyðarstigi síðan 11. janúar 2022, fyrst og fremst vegna fjarvista starfsmanna sem sinna samfélagslega mikilvægum verkefnum. Það var síðan lækkað niður á Hættustig þann 1. febrúar sl.

Margir sem sinna samfélagslega mikilvægum verkefnum hafa skilgreint viðkvæmni sinnar starfsemi með þeim hætti að ef hlutfallslegur fjöldi starfsmanna sem er frá vinnu á hverjum tíma fer yfir 8% sé hætta á miklum truflunum á rekstri. Þetta eru einkum aðilar sem sjá um orkuframleiðslu og -flutning, eldsneytisdreifingu, matvælaframleiðslu og -dreifingu. Margir aðilar telja að miklar truflanir verði við lægri mörk og má þar t.d. nefna Landspítala þar sem rúmlega 5% starfsmanna eru fjarverandi um þessar mundir. Ef fjarvistarhlutfallið hækkar frekar vegna frekari meiri útbreiðslu COVID-19 er raunveruleg hættan á töluverðum truflunum á rekstri sem getur haft keðjuverkandi áhrif, sérstaklega í rekstri þar sem sérhæfing starfsmann er mikil og fáir einstaklingar færir um að sinna verkefnum. Þetta á t.d. víða við á landsbyggðinni þar sem jafnvel einn einstaklingur sem færir í einangrun hefði þau áhrif að flytja þyrfti starfsmann milli landshluta. Slíkt hefur þegar raungerst. Því er horft til eftirfarandi þátta við áhættumatið vegna mikillar útbreiðslu COVID-19:

1. Framleiðsla, afgreiðsla og dreifing hráefna og rekstrarvöru getur truflast.

<sup>1</sup> [https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item44615/Greinargerd\\_bid\\_valdar\\_skurdadgerdir\\_jan21.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item44615/Greinargerd_bid_valdar_skurdadgerdir_jan21.pdf)

<sup>2</sup> [https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item48050/Bidlistar\\_samantekt\\_sep21.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item48050/Bidlistar_samantekt_sep21.pdf)

2. Viðgerðir og viðhald getur truflast vegna fjarvista sérhæfðra starfsmanna. Aukin áhætta tengd slæmu veðri og truflun á samgöngum geta komið í veg fyrir að hægt sé að færa til mannafla.
  - a. Sérstaklega er hér horft til raforkuframleiðslu, -flutnings og fjarskipta.
3. Viðbragðs og neyðarþjónusta getur orðið fyrir truflun. Aukin áhætta tengd slæmu veðri og truflun á samgöngum getur komið í veg fyrir að hægt sé að færa til mannafla.
4. Samgöngur geta raskast. Framundan er sá tími sem mest reynir á starfsmenn Vegagerðarinnar og verktaka á þeirra vegum við snjóruðning og hálkuvarnir. Oft sinna fáir einstaklingar stórum svæðum og reksturinn því viðkvæmur.

- **Áhættumat og horfur næstu vikna.**

Eins og fram kemur hér að framan, þá hefur áhættumat COVID-19 faraldursins breyst með tilkomu ómicron afbrigðisins og útbreiddum bólusetningum. Nú er helsta ógn faraldursins ekki lengur mikil fjölgun innlagna á sjúkrahús/gjörgæslu vegna alvarlegra veikinda heldur útbreidd smit í samfélaginu.

Landspítalinn í samvinnu við Háskóla Íslands hefur staðið fyrir gerð spálíkana um þróun innlagna á legudeildir og gjörgæslu næstu vikur vegna COVID-19. Þegar rauntölur innlagna eru bornar saman við spálíkönin kemur í ljós að rauntölnar liggja talsvert undir neðri vikmörkum spálíkananna sem bendir til að álag á spítalann vegna COVID-19 muni að líkindum ekki verða mikil.

Með útbreiddum smitum þá mun álag á starfsemi covid göngudeildar hins vegar aukast umtalsvert og fjarvistum starfsmanna mikilvægra stofnana fjölga vegna veikinda. Þetta getur leitt til skertrar þjónustu ýmissa stofnana eins og heilbrigðisstofnana og annarra mikilvægra stofnana.

*Mikil útbreiðsla smita verður því að teljast ógn við almannaheill hér á landi einkum vegna skertrar starfsemi ýmissa fyrirtækja. Því teljum við mikilvægt að allar afléttingar takmarkana verði gerðar með nokkrum öruggum skrefum.*

Í nýlegri rannsókn Íslenskrar erfðagreiningar og sóttvarnalæknis á algengi mótefna gegn SARS-CoV-2 kórónaveirunni kom í ljós, að líklega hafa um helmingi fleiri sýkst af COVID-19 en talið hefur verið. Þetta þýðir að viðunandi samfélagslegt ónæmi gegn COVID-19 ætti að nást hér síðari hluta mars mánaðar 2022. Þá ætti að draga verulega úr umfangi faraldursins ef ekkert óvænt kemur upp á. Þar til að þeim áfanga er náð er mikilvægt að tempura faraldurinn með hóflegum aðgerðum til að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar hans.

Viðhengi um starfsemi heilbrigðisstofnana og hjúkrunarheimila á stöðu mála vegna heimsfaraldurs - yfirlit vika 5 2022.

Mat stjórnenda heilbrigðisstofnana og hjúkrunarheimila á stöðu mála vegna heimsfaraldurs - yfirlit vika 5 2022							
	1. Mönnun og vinnuálag (% frá vinju)	2. Aðbúnaður	3. Hlífðar-búnaður	4. Rekstarvörur og lyf	5. Gæði og öryggi	6. Rauð flögg	7. Tölulegar upplýsingar
LSH - 3/1							
HH -dags31/1	~ 2-5%						
HVE- dags31/1							
Hvest -dags31/1							
Sak -dags. 1/2	7.7%						
HSA- dags1/2							
HSU -dags. 3/1							
HSS- dags31/1	~ 5%						
HSN -dags31/1							
SFV - dags. 31/1							



Annað / athugasemdir/hánari upplýsingar	
LSH	Deild A7 er fullu nýtt fyrir COVID-19 sjúklinga og nú hefur deild A6 verið að fullu nýtt vegna faraldursins. Margar deildir hafa nú sjúklinga með Covid-19 og eru allar deildir undirbúnar undir slíka stöðu verði þær helgaðar þessu hlutverki. Vegna stöðunar er aðgerðafjöldi í lágmarki. 8 af 18 skurðstofum eru nú opnar og afköst um 45% af því sem við venjulega náum í hefðbundnu árfærði. Talsverður biðtími er í bráðaáðgerðir vegna þessa en vel horfir um úrlausn þess vanda. Stigun spítalans er til endurskoðunar. Áfram er talsverður fjöldi starfsmanna frá vinnu vegna einangrunar og meta þarf áhrif þess að utanaðkomandi aðstoð er nú takmarkaðri en verið hefur. Nú (31. jan) eru 227 starfsmenn frá vinnu vegna einangrunar af þeim eru langflestir í klínísku starfi. Áfram greinast á þriðja tug starfsmanna á degi hverjum.
HH	Talsverð veikindi, og fjarvistir, margir að vinna skv sóttkvi. Viðráðanlegt ástand, en fylgjumst með. Um 20 starfsmenn voru frá vinnu í dag.
HVE	Fjarvistir vegna einangrunar og sóttkviar starfsmanna eru áfram viðráðanlegar.
Hvest	Starfsfólk í sóttkvi: 2 Einangrun: 4 Læknamönnun er rauð á norðursvæði. Litlar deildir mega illa við hópsmitum.
HSN	Búið að opna fyrir innlagnir aftur á Húsavík. Mönnun tæp og mikil þreyta meðal starfsfólks vegna álags. Einangrunarstaða er ekk fullnægjandi. Skortur/löng bið eftir bóluþfnum fyrir ungbarnavernd.

SAK	<p>Hluti af Kristnesi verður áfram lokað til 14. febrúar en þar eru þá 14-5 daga rými og 6 dagdeildar rými. Aðgerðum hefur ekki verið frestað s.l. viku en skurðstofunefnd hefur ákveðið dag frá dagi hvernig staðan er á SAK m.tt. innlagnar og mönnunar og reynt þá að velja sjúklinga til aðgerðar sem krefjast minni mönnunar og styttri legu á sjúkrahúsinu og ekki þörf á endurhæfingu. Ekki er um að ræða gangainnlagnir en þar sem allmikið er um smitandi víruskýkingar hjá börnum (ekki Covid) þá er hætt við að reyni á einangrunargetu SAK. Í dag er 1 barn inniliggjandi með COVID. Starfsmenn frá vinnu vegna COVID, 35 í einangrun og 18 í sóttkví. Alls 53 frá vinnu. Á SAK starfa 688 starfsmenn. Þannig eru 7.7% starfsmanna frá vinnu vegna einangrunar og sóttkví.</p>
HSA.	<p>Veruleg áskorun að manna. Fjöldi starfsmanna í sóttkví eða einangrun hefur nánast staðið í stað. Höfum áhyggjur af afleiðingum smits innan starfsemi HSA.</p>
HSU	<p>Mönnun tæp á mörgum stöðum en staðan er þó viðráðanleg. Við erum með um 18% fjarveru í janúar sem COVID tengd, önnur veikindi eru þar ótalin.</p>
HSS	<p>Viðvarandi skortur á starfsfólki vegna veirunnar. Nú eru 15 starfsmenn frá vinnu vegna eingangrunar eða sóttkvíar. Höldum sjó og höfum ekki lent í neyðarástandi á deildum enn.</p>
SFV	<p>Miklar áhyggjur af næstu vikum vegna mögulegrar stóraukningar smita og fjarvistar starfsfólks vegna einangrunar sinnar, og einangrunar barna. Gæti orðið mjög erfitt að eiga við það. Munum tilkynna Embætti landlæknis strax ef við sjáum stefna í óefni. Töluvert um hópsmit á hjúkrunarheimilum, flest stóru heimilin að eiga við e-r smit. Orðið Enn eru erfðileikar með mönnun vegna sóttkvía og einangrunar &amp; ýmis hjúkrunarheimili að eiga við smit. Orðið almennt álit að mönnunarvandinn sem sé stærsta hættan nú við faraldurinn og mögulegar afleiðingar þess.</p>

Mat stjórnenda heilbrigðisstofnana á stöðu mála vegna COVID-19 faraldurs - skilgreining á litum		
Mönnun og vinnuálag Mælikvarðar: Fjöldi yfirvinnutíma. Fjöldi tíma frá bakvarðsveit	Vel innmáð. Starfsmenn upplífa öryggi og vinna yfirvinnu þegar þess þörf er. Vinnuálag við hæfi, lítil yfirvinnu. Ekki er til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Virilegar starfur á stærri fjöldi. Mikil yfirvinnu, vinnuálag óáættanlegt. Gæðum og öryggi ógömul. Verðun verðulegum áhyggjum. Þótt á útanvörðandi aðstoð frá lækni-másvælt.
Aðbúnaður (s.s. rými, rúmafjöldi, einangrunarstöða) Mælikvarðar: Fjöldi gangainnlagna. Verklagi varðandi einangrun ekki fylgt	Gæður. Rými/rúma með fullnægjandi. Rúmafjöldi nægilegur. Einangrunarstöða fullnægjandi. Ekki er til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Þess-áttanlegur og ástær gæðum og öryggi. Mikil um gangainnlagnir og brot á verklagi einangrunar. Verðun verðulegum áhyggjum. Þótt á útanvörðandi aðstoð.
Hliðarbúnaður (s.s. hliðaröt, hanskar, sprött) Mælikvarði: Skrá yfir það sem skortir	Nægjar birgðir. Ekki er til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Skortur er á nauðsynlegum sáhlíf aðbúnaði. Hliðarvörum og lyfum. Skortur er á áættanlegum og ástær gæðum og öryggi. Verðun verðulegum áhyggjum. Þótt á útanvörðandi aðstoð.
Mikilvægar rekstrarvörur og nauðsynleg lyf Mælikvarði: Skrá yfir það sem skortir	Nægjar birgðir. Ekki er til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Skortur er á nauðsynlegum rekstrarvörum og lyfum. Skortur er á áættanlegum og ástær gæðum og öryggi. Verðun verðulegum áhyggjum. Þótt á útanvörðandi aðstoð.
Gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu. Mælikvarðar: Samantekt mælikvarða hér að ofna um mönnun og vinnuálag, aðbúnað og hliðarbúnað. Aukning fjölda/skráðra atvika	Gæði og öryggi eru góð. Ekki er til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Gæði og öryggi eru óáættanleg. Ekki er hægt að einn þráðarfallið. Verðun verðulegum áhyggjum. Þótt á útanvörðandi aðstoð.
Rauð flögg. Mælikvarði: Sjá svarmöguleika	Engin rauð flögg til staðar. Ekki er til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Rauð flögg til staðar. Ástand óáættanlegt. Gæðum og öryggi er ógömul. Verðun verðulegum áhyggjum. Þótt á útanvörðandi aðstoð.
Tölulegar upplýsingar. Mælikvarði: Sjá svarmöguleika	Tölulegar upplýsingar gefa til kynna að ástand sé í góðu lagi, ekki er til að hafa áhyggjur af að svo stöddu.	Tölulegar upplýsingar gefa til kynna að ástand sé óáættanlegt. Gæðum og öryggi er ógömul. Verðun verðulegum áhyggjum. Þótt á útanvörðandi aðstoð.



## Minnisblað

Dagsetning: 9. febrúar 2022

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir,

Viðtakandi: Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

### Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis um afléttingu opinberra sóttvarnaaðgerða vegna COVID-19.

Undanfarna daga og vikur hefur staðið yfir afléttingaferli á takmörkunum vegna Covid-19 þrátt fyrir útbreidd smit í samfélaginu. Þann 29. janúar sl. var ráðist í afléttingar á samfélagslegum takmörkunum (reglug. nr. 90/2022), afléttingar á skólastarfi (reglug. nr. 91/2022) og breytingar á sóttkví (reglug. nr. 92/2022). Aðrar afléttingar síðustu daga hafa verið:

- Breyting á reglug. nr. 90/2022 (reglug. nr. 141/2022) um takmörkun á samkomum vegna Covid-19 þar sem að eins metra nálægðarmörk á sitjandi viðburðum voru felld úr gildi. Þessi reglugerðarbreyting tók gildi 2. febrúar 2022.
- Breytingar á reglug. nr. 38/2022 (reglug. nr. 154/2022) þar sem að einangrun einkennalítilla/-lausra Covid smitaðra var stýtt úr 7 dögum í 5 daga, einstaklingum með yfirstaðna sýkingu, staðfesta með PCR prófi sl. 7-180 daga, voru undanþegnir sóttkví og smitgát, og vottorð á landamærum um yfirstaðna sýkingu skyldu taka gildi 7 dögum eftir greiningu í stað 14. Þessi reglugerðarbreyting tók gildi 7. febrúar 2022.

Í kjölfar afléttinganna eru sterkar vísbendingar um að smitum í samfélaginu sé að fjölga. Undanfarið hafa um 1,400 smit verið að greinast innanlands á hverjum degi en í gær (8. febrúar) greindust 2.254, þrátt fyrir að færri sýni séu nú tekin en áður. Einnig er líklegt að allmikill fjöldi smita sé ógreindur. Álag á covid göngudeild Landspítalans er áfram mikið og eru nú skoðaðir þar daglega um 25 covid sýktir einstaklingar en alls eru þar í eftirliti tæplega 10.000 manns. Innlögnum sjúklinga með eða vegna Covid-19 hefur einnig fjölgað undanfarna daga og eru innlagnir nú um 7 á dag. Flestir eru hins vegar ekki illa veikir og þurfa að dvelja 6-9 daga á spítalanum. Í dag eru 33 einstaklingar innliggjandi með eða vegna Covid-19, þar af eru tveir á gjörgæslu. Að auki liggur einn inni á gjörgæsludeild á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Frá 14. janúar sl. hafa alls 36.934 greinst hérlendist með Covid-19. Þar af greindust 35.172 innanlands (95%) og 1.762 á landamærum. Á sama tíma hafa 112 (0,3%) ýmist lagst inn vegna Covid-19 eða lagst inn vegna annarra kvilla og greinst með COVID-19. Af þessum 112 lögðust 44 inn á sjúkrahús vegna Covid-19 þannig að innlagnarhlutfall vegna Covid-19 hefur verið um 0,1% af greindum smitum. Rúmlega helmingi fleiri lögðust inn með Covid-19 þannig að búast má við að um 0,3% greindra smita þurfi að leggjast inn ýmist með eða vegna Covid-19. Einungis þrír lögðust inn á gjörgæsludeild á tímabilinu. Þó að sjúklingar leggjast ekki inn á sjúkrahús vegna Covid-19 þá þurfa þeir engu að síður mikla umönnun og einangrun til að hindra frekari útbreiðslu innan sjúkrahússins. Æskilegt væri að fá mat Landspítala á því hversu mikil röskun verður á starfsemi spítalans af völdum þessara sjúklinga.

*Ef fjöldi greindra smita verður áfram 2.000-3.000 á dag má búast við að daglegur fjöldi innlagna vegna Covid-19 verði a.m.k. 2-3 en að auki muni a.m.k. 4-6 leggjast inn daglega með Covid-19. Fyrirsjáanlegt er því að álag á heilbrigðisþjónustuna og þá sérstaklega spítalakerfið, muni aukast á næstunni.*

Í minnisblaði frá sóttvarnalækni, landlækni og almannavarnadeild þ. 2. febrúar sl. um uppfært áhættumat vegna Covid-19 kom fram, að nú er helsta ógn af völdum Covid-19 faraldursins ekki lengur mikill fjöldi alvarlegra veikra einstaklinga heldur útbreidd smit í samfélaginu sem eykur fjölda smitaðra einstaklinga inni á heilbrigðisstofnunum með minni veikindi sem og miklum fjarvistum starfsfólks. Í reglubundnu eftirliti landlæknis með starfsemi heilbrigðisstofnana frá 7. febrúar 2022 kemur fram að staðan á Landspítala er áfram metin alvarleg af stjórnendum spítalans en matið má sjá í viðhengi hér að neðan. Þann 9. febrúar sl. voru auk þess 248 starfsmenn í einangrun og 300 alls í sóttkví. Ljóst er því að staðan á Landspítala er afar viðkvæm á þessari stundu og má ekkert út af bregða.

Í viðhengi hér að neðan má sjá mat á stöðu heilbrigðisstofnana og hjúkrunarheimila á þessari stundu. Almennit gildir að flestar heilbrigðisstofnanir telja mönnun „á gulu“ sem þýðir að vinnuálag er mikið en viðráðanlegt. Undantekningar eru Heilbrigðisstofnun Austurlands og hjúkrunarheimili Samtaka fyrirtækja í velferðaðþjónustu (SFV) sem meta mönnun

mitt á milli skilgreininga á gulu og rauðu og sumar einingar á rauðu. Þegar fjöldi smita er mikill í samfélaginu verða víða miklar fjarvistir starfsfólks sem skerða þjónustu stofnana og getur það skapað ógn við almannahéil.

Í minnisblaði sóttvarnalæknis frá 26. janúar sl. voru kynntar hugmyndir að afléttingaráætlun í þremur þriggja vikna skrefum sem myndi ljúka með afléttingu allra takmarkana um miðjan mars 2022. Í þeirri áætlun var gert ráð fyrir næstu afléttingum 24. febrúar n.k. en nú eru uppi hugmyndir stjórnvalda um að flýta ferlinu.

***Að mínu mati er fyrirsjáanlegt að áfram verði aukið álag á spítalakerfið vegna Covid-19 og þá einkum á Landspítala. Auknar afléttingar munu líklega auka álagið enn frekar og því þyrftu stjórnvöld að fá formlegt mat spítalans á getu sinni til að takast á við þau verkefni sem blasa við. Ég tel því að stjórnvöld standi nú frammi fyrir þremur valkostum hvað varðar afléttingu á samfélagslegum takmörkunum. Hvaða leið er vænlegust veltur á mati Landspítala á sinni getunni til að takast á við frekara álag á næstu vikum.***

## **I. Óbreyttar takmarkanir fram til 24. febrúar nk. eins og upphaflega var gert ráð fyrir.**

Með því að hafa takmarkanir óbreyttar myndi útbreiðsla Covid-19 ekki verða eins hröð og ef frekari afléttingar yrðu hafnar nú. Það myndi lágmarka álagið á heilbrigðiskerfið en á sama tíma veita tíma til að auka ónæmi í samfélaginu gegn Covid-19. Hins vegar er erfitt að segja hversu mikið óbreyttar takmarkanir myndi skila í fjölda smita umfram þær afléttingar sem nefndar eru hér að neðan.

## **II. Aflétting takmarkana að hluta sem yrði skref í átt að fullri afléttingu.**

1. Breytingar á núverandi takmörkunum taki gildi 11. febrúar nk. en þá verða liðnar tvær vikur frá því að afléttingar hófust í þessari atrennu á samfélagslegum takmörkunum. Stefnt verði að fullri afléttingu takmarkana u.þ.b. tveimur vikum síðar ef ekkert óvænt kemur upp eins og til dæmis versnandi staða innan heilbrigðisþjónustunnar.
2. Almennar fjöldatakmarkanir verði 200 manns. Börn verði ekki undanþegin. Fjöldatakmarkanir í hólfu fyrir sitjandi viðburði verði 1.000 manns. Náandarregla falli niður á sitjandi viðburðum og skylt verði að nota andlitsgrímur.
3. Almenn náandarregla verði einn metri. Börn fædd 2016 (á leikskólaaldri) og síðar verði undanþegin. Þar sem að ekki verður hægt að viðhafa náandarreglu innan- sem utandyra og eða loftræsting í rýmum ekki góð þar sé grímuskylda nema á heimilum tengdra aðila.
4. Sund-, baðstaðir og líkamsræktarstöðvar megi hafa opið fyrir 100% af hámarksafköst en allir hvattir að gæta að eins metra náandarreglu og persónubundnum sóttvörnum .
5. Íþróttaæfingar barna og fullorðinna með eða án snertingar innan sem utan ÍSÍ verði heimilar. Hámarksfjöldi í hverju hólfu verði 200 manns. Sameiginleg búningaástaða verði opin. Gætt skuli að því að búningaástaða sé þríf og snertifletir sótthreinsaðir milli hópa. Sameiginleg áhöld verði sótthreinsuð a.m.k. tvisvar á dag og þess gætt að loftræsting sé í lagi og loftað vel út nokkrum sinnum yfir daginn.

Íþrótta- og ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur um sóttvarnir og um framkvæmd æfinga og keppni í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni. Í íþróttum sem ekki tilheyra Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og sambærilegar íþróttir innan sambandsins.

Íþróttakeppni barna og fullorðinna verði heimilar með 1.000 áhorfendum í hólfu. Náandarregla falli niður fyrir sitjandi gesti. Áhorfendum verði skylt að nota grímur

Engar takmarkanir verði á hámarksfjölda á skíðasvæðum.

### **6. Sviðslistir og kórastarf:**

- a. Æfingar og sýningar með snertingu verði leyfðar fyrir allt að 200 starfsmenn á sviði. Grímur verði notaðar þegar því verður við komið nema þegar listflutningur fer fram. Leitast verði við að viðhafa eins metra náandarreglu. Gætt verði að handhreinun og sótthreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag og passað að loftræsting sé í lagi.
- b. Heimilt verði að taka á móti allt að 1.000 sitjandi gestum í hverju hólfu. Eins metra náandarregla falli niður fyrir sitjandi gesti en þeim gert skylt að nota grímu á leið inn og út af viðburði og á meðan honum stendur.

- c. Ekki verði heimilt að auka fjölda í hólfi á skipulögðum viðburðum með notkun hraðgreiningaprófa eða PCR-prófa.
  - d. Hlé á sýningum verði leyfð án takmarkana á sölu veitinga.
  - e. Skylt verði að selja í númeruð sæti en þá er óþarfi að halda skrá yfir gesti.
7. Við athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga verði að hámarki 1.000 gestir í hólfi. Ekki verði heimilt að auka fjölda gesta með framvísun á niðurstöðum hraðgreininga eða PCR-prófa. Eins metra náandarregla falli niður á sitjandi viðburðum en gestum skylt að nota grímu. Í erfidrykkjum gildi almennar fjöldatakmörkanir.
  8. Engar takmarkanir verði á fjölda gesta í verslunum en þar verði grímuskylda.
  9. Skemmtistaðir, krár, spilasalir og spilakassar megi hafa opið til kl. 00. Gestum verði gert að yfirgefa fyrir kl. 01:00.
  10. Veitingastaðir megi hafa opið til kl. 00 og gestir verði að hámarki 200 í rými. Heimilt verður að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 00. Gestum verði gert að að yfirgefa fyrir kl. 01:00. Gætt skuli að eins metra nálægðarmörkum og skylt að hafa grímur nema hjá sitjandi gestum.
  11. Skólareglugerð verði felld úr gildi en um skólastarf gildi almennar reglur. Félagsstarf og skemmtanir framhaldsskóla yrðu leyfðar.
  12. Grímunotkun.  
Grímunotkun verði skylda þegar ekki er hægt að viðhafa eins metra nálægðarmörk utan- sem innandyra nema á heimilum. Börn fædd 2016 og síðar verði undaþegin grímuskyldu. Grímunotkun hjá börnum fæddum 2006-2015 verði í samræmi við aldur og þroska. Grímuskylda verði í verslunum.
  13. Notkun hraðgreininga- eða PCR prófa til að fjölga í sóttvarnahólfum á viðburðum verði ekki leyfð.
  14. Reglur um sóttkví falli niður en allir sem útsettir eru fyrir smiti verði hvattir til að sýna smitgát sem ljúki eftir 5 daga án PCR prófs. Krafa um PCR sýni eftir smitgát falli niður.
  15. Reglur um einangrun verði óbreyttar.

### III. Aflétting allra takmarkana.

Aflétting allra takmarkana myndi án nokkurs vafa valda verulegri aukningu í fjölda smita í samfélaginu þar til að hjarðaónæmi yrði náð. Það myndi gerast á styttri tíma en ef takmörkunum yrði beitt en óvíst hversu langan tíma það myndi taka. Afleiðingin yrði þannig mikill fjöldi daglegra smita með miklu álagi á heilbrigðiskerfið og ýmsa starfsemi með ófyrirséðum afleiðingum. Ef þessi leið verður valin þá þurfa stjórnvöld að vera tilbúin til að grípa til aðgerða ef neyðarástand skapast á heilbrigðisstofnunum.

Eftirlit landlæknis með helbrigðissstofnunum í viku 6, 2022.

Mat stjórnenda helbrigðissstofnana og hjúkrunarheimila á stöðu mála vegna heimfaraldurs -yfirlit viku 6 (útg. 2) 2022							
	1. Móttök og vinnuálag (% frá vinnu vegna COVID)	2. Aðbúnaður	3. Hlífðar-búnaður	4. Rekstarvörur og lyf	5. Gæði og öryggi	6. Rauð flögg	7. Tölulegar upplýsingar
LSH - 9/2							
HH - dags. 7/2	~ 4%						
HVE - dags. 8/2	~ 3%						
Hvest - dags. 7/2	~ 3%						
Sak - dags. 7/2	6,8%						
HSA. - dags. 8/2							
HSU - dags. 7/2							
HSS - dags. 7/2	~ 4%						
HSN - dags. 7/2	2,6%						
SFV - dags. 7/2							

Annað / athugasemdir/nánari upplýsingar



LSH	<p>Deild A7 er að fullu nýtt fyrir COVID-19 veika sjúklinga og tekur deild A6 sömuleiðis við þeim sjúklingahópi. Margar deildir sinna sjúklingum með COVID-19, sem einnig eru innlagðir af öðrum orsökum en COVID-19 smiti. Allar deildir gera ráð fyrir að unnt sé að sinna COVID-19 smituðum á deildinni. Erfiðlega gengur að útskrifa sjúklinga í önnur úrræði vegna faraldurs víða í samfélaginu. Þetta veldur verulegri truflun á flæði sjúklinga og daglegum rekstri spítalans. Nú eru 10 skurðstofur af 18 opnar en voru 8. Unnið er að því að opna fleiri skurðstofur en ástæður þess að ekki næst að manna fleiri eru ekki beint COVID-tengdar. Landspítali er nú á hættustigi. Mönnun og flæði er sem fyrr helsta áskorunin. Flæði non-COVID sjúklinga er verulegt áhyggjuefni, sem og að COVID deildin (A7) er fullnýtt og hluti A6 sömuleiðis. Fjöldi sjúklinga sem á hverjum morgni biður innlagnar frá bráðamóttöku er um 25.</p>
HH	Engar lokanir nema 7. feb vegna veðurs - bráðabjónustu sinnt.
HVE	Fjarvistir vegna einangrunar og sóttkvíar starfsmanna eru áfram viðráðanlegar en samkvæmt upplýsingum þá eru 12 starfsmenn í einangrun eða sóttkvi þessa stundina.
Hvest	Læknamönnun er léleg á norðursvæði eins og áður, að nokkru ótengt covid en þó í þessari viku m.a. vegna þess að afleysingalæknir forfallaðist með covid. Bitist er um afleysingalækna. Almennat gildir að litlar deildir eru viðkvæmar fyrir hópsmitum, og því eru sóttvarnir innanhúss enn frekar miklar. Þetta sést í lágum smittölum meðal starfsmanna. Meðal starfsfólks eru 2 í einangrun (1%) 4 í sóttkvi (2%)
HSN	Mönnun tæp og mikil þreyta meðal starfsfólks vegna álags. Einangrunarstaða er ekk fullnægjandi. Fjöldi starfsmanna í einangrun 8 og fjöldi starfsmanna í sóttkvi 8. Fjöldi starfsmanna á HSN er 609. Eða 2,6% fjarverandi vegna Covid.
Sak	Hluti af Kristnesi verður áfram lokað til 14. febrúar en þar eru þá 14 5 daga rými og 6 dagdeildar rými. Ætla má að um 100 aðgerðum hafi verið frestað í janúar 2022 vegna Covid-19 miðað við áætlun og hefðbundinn rekstur. Skurðstofunefnd metur reglulega stöðuna og leggur til vikulegt aðgerðarþrógramm eftir aðstæðum. Allri bráðabjónustu er sinnt og einnig þjónustu sem ekki má fresta ss aðgerðum vegna krabbameins , blóðskilum og krabbameinslækningum (lyfjagjöfum). Ekki er um að ræða gangainnlagnir en þar sem allmikið er um smitandi vírussýkingar hjá börnum (ekki Covid) þá er hætt við að reyni á einangrunargetu SAK. Í dag er 1 sjúklingur innliggjandi vegna Covid-19 er á gjörgæslu en ekki í öndunarvél. Starfsmenn frá vinnu vegna COVID 27 í einangrun og 20 í sóttkvi. Alls 47 frá vinnu. Á SAK starfa 688 starfsmenn. Þannig eru 6.8% starfsmanna frá vinnu vegna Covid-19 og sóttkvi.

HSA	<p>75% starfsfólks heimahjúkrunar í Neskaupstað eru ekki í vinnu vegna Covid tengdrar fjarveru Allir skurðstofuhjúkrunarfræðingar HSA eru ekki í vinnu af sömu ástæðu sem hefur áhrif á bráðaviðbragð HSA. Flutningur starfsfólks milli starfsstöðva getur einnig verið erfiður á þessum árstíma og hefur það sett strik í reikninginn. Bráðatilfellum á skurðstofu HSA er að hluta sinnt af starfsfólki sem er í vinnusóttkví B.</p> <p>Þrír læknar sem áttu að koma til vinnu í gærmorgun hafa ekki komist austur vegna veðurs eru væntanlegir síðar í dag.</p>
HSU	<p>Viðkvæma mönnun á sumum starfsstöðvum eins og t.d. í Eyjum en stöðan ekki metin með þeim hætti að ógni öryggi.</p>
HSS	<p>Svipuð staða á HSS. 13 starfsmenn fjarverandi v. covid. Upp kom smit á hjúkrunarheimilinu í dag. Heimilismaður. Búið að skima aðra heimilimenn og allir neikvæðir enn. 5 starfsmenn þar fjarverandi (hluti af þessum 13). Vonum það besta næstu daga.</p>
SFV	<p>Vekjum athygli á dauðsföllum hjá Covid smituðum íbúum á hjúkrunarheimilum síðustu 2 vikurnar. Þannig er SFV kunnugt um 9 dauðsföll hjá Covid smituðu fólki á hjúkrunarheimilum innan okkar raða síðustu 2 vikur. Unnið er með fulltrúa sóttvarnalæknis að nýju kerfi gagnaskila um smit á hjúkrunarheimilum, sem vonandi kemst á á næstu dögum.</p> <p>Ýmis heimili eru að eiga við, eða hafa átt við síðustu daga og vikur, mjög stór hópsmit. Almennt er einangrun og sóttkví starfsfólks að hafa mikil áhrif á mönnun heimilanna. Við setjum hér á hana lítakóðann enn appelsínugulann, og skýrist það af því að staðan er mismunandi hjá heimilunum. frá því að vera ásættanleg yfir í að vera virkilega þung og erfið.</p> <p>Höfum áhyggjur af litlum og meðalstórum hjúkrunarheimilum hringinn í kringum landið, sérlega í ljósi þess að hjúkrunarheimilin hafa ekki aðgang að bakvarðasveit heilbrigðisþjónustunnar (þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um það), heldur einungis bakvarðasveit velferðarþjónustunnar. Sú bakvarðasveit er þunnskipuð og hefur ekki reynst hjúkrunarheimilunum mikil hjálp. Því er komin fram tillaga um að koma á sérstakri bakvarða/viðbragðsveit sem yrði mönnuð af stóru hjúkrunarheimilunum. Slík bakvarðasveit gæti komið hjúkrunarheimilum til aðstoðar í miklu neyðaraðstæðum. Erindi um fjármögnun slíkrar bakvarðasveitar verður sent á heilbrigðisráðuneytið á morgun.</p>



Mat stjórnenda heilbrigðisstofnana á stöðu mála vegna COVID-19 faraldurs - skilgreining á lítum		
<p><b>Mönnum og vinnuálag</b> Mælikvarðar: Fjöldi yfirvinnutíma. Fjöldi tíma frá bakvarðasveit</p>	<p>Vel sammið. Starfsmenn úpplifa öryggi og vinnu yfirvinnu þegar þess óskað. Vinnuálag við hæfi, lítil yfirvinnu. Ekki er til að hafa áhyggjur af að svo stöðlu.</p>	<p>Viðráðanlegur skortur á starfsfólki. Aukið vinnuálag, en áætlanlegt. Starfsmenn vinna meiri yfirvinnu en þeir kærna sig um. Tími fer í að leita að fólki í vinnu. Lítið þarf að gerast til að út af bregði. Þórf á lúgmarksstöð frá bakvarðasveit.</p>
<p><b>Aðbúnaður (s.s. rými, rúmfajldi, einangrunarstöða)</b> Mælikvarðar: Fjöldi gangainnlagna. Verklagi varðandi einangrun ekki fylgt</p>	<p>Stöður, rými/húsnæði fullnægjandi. Rúmfajldi nægilegur. Einangrunarstöða fullnægjandi. Ekki er til að hafa áhyggjur af að svo stöðlu.</p>	<p>Áætlanlegur. Ástand viðráðanlegt. Eitthvað um gangainnlagnir og brot á verklagi einangrun. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.</p>
<p><b>Hilffarbúnaður (s.s. hilffarföt, hanskar, sprít)</b> Mælikvarði: Skrá yfir það sem skortir</p>	<p>Negar þiggður. Ekki er til að hafa áhyggjur af að svo stöðlu.</p>	<p>Færð að bera á skorti á búnaði en sleppur til. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.</p>
<p><b>Mikilvægar rekstrarvörur og nauðsynleg lyf</b> Mælikvarði: Skrá yfir það sem skortir</p>	<p>Negar þiggður. Ekki er til að hafa áhyggjur af að svo stöðlu.</p>	<p>Færð að bera á skorti á búnaði en sleppur til. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.</p>
<p><b>Gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu.</b> Mælikvarðar: Samantekt mælikvarða hér að ofna um mönnum og vinnuálag, aðbúnað og hilffarbúnað. Aukning fjelda/skráðra atvika</p>	<p>Gæði og öryggi eru góð. Ekki er til að hafa áhyggjur af að svo stöðlu.</p>	<p>Gæði og öryggi eru áætlanleg. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.</p>
<p><b>Rauð flögg.</b> Mælikvarði: Sjá svarmöguleika</p>	<p>Engin rauð flögg til staðar. Ekki er til að hafa áhyggjur af að svo stöðlu.</p>	<p>Gul flögg til staðar. Ástand þó áætlanlegt. Lítið þarf að gerast til að út af bregði.</p>
<p><b>Tölulegar upplýsingar.</b> Mælikvarði: Sjá svarmöguleika</p>	<p>Tölulegar upplýsingar gefin til kynna að ástand sé í góðu lagi. Ekki er til að hafa áhyggjur af að svo stöðlu.</p>	<p>Tölulegar upplýsingar gefa til kynna að ástand sé á áskattalegt. Gæðum og öryggi er gætt. Væðir verulegum áhyggjum. Þórf á stöðbreymsu að ástand.</p>